



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 26. ágúst 2013

### **Eftirfylgni vegna heildarathugunar Fjármálaeftirlitsins hjá Lífeyrissjóði bænda**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi heildarathugun á starfsemi Lífeyrissjóðs bænda. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan tiltekinna tímamarka. Í kjölfarið, eða þann 17. maí 2013, birti Fjármálaeftirlitið [gagnsæistilkynningu](#) þar sem gerð var grein fyrir helstu athugasemdum stofnunarinnar við starfsemi sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að stjórn sjóðsins fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda barst eftirlitinu í júlí 2013. Það er mat Fjármálaeftirlitsins, með hliðsjón af greinargerðinni, að lífeyrissjóðurinn hafi brugðist með viðeigandi hætti við þeim ábendingum og athugasemdum sem gerðar voru.